

Innanríkisráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Umhverfis- og samgöngunefnd**
Sendandi: **Innanríkisráðuneytið**
Dagsetning: **10.05.2016**
Málsnúmer: **IRR15090200**
Bréfalykill:

Efni: **Breytingatillögur meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar júní 2015 við samgönguáætlun 2015 - 2018**

Að ósk umhverfis- og samgöngunefndar er í minnisblaði þessu er gerð grein fyrir hvernig breytingartillögur meirihluta nefndarinnar höfðu áhrif á tillögu að samgönguáætlun 2015-2018 milli framlagningar vorið 2015 og vorið 2016.

Með fjárlögum fyrir árið 2016 voru fjárveitingar til vegaframkvæmda skornar niður miðað við fyrri áætlun. Fjárframlög til almennra verkefna í stofn- og tengivegakerfi lækkuðu um 1.090 millj. kr. árið 2016, miðað við fyrri áætlun, eða um tæpan fjórðung. Við það seinkaði framkvæmdum á áætluninni. Síðar var lögð til þriggja miljarða króna aukning árin 2017 og 2018 en þar af færi einn miljarður í viðhald hvort ár og hálfur miljarður til jarðgangnagerðar árið 2018. Eftirstöðvunum, sem nema tveim miljörðum kr. árið 2017 og einum og hálfum árið 2018, er forgangsráðað með tilliti til öryggissjónarmiða. Af því leiðir að verkefni sem flýtt er eða koma ný inn vegna aukningarinnar eru ekki alltaf þau sömu og áður hafði verið seinkað.

I. Skeiða- og Hrunamannavegur: Meiri hlutinn lagði til að 50 millj. kr. verði settar í Skeiða- og Hrunamannaveg nr. 30 frá Einholtsvegi að Biskupstungnabraut árið 2018. Ekki eru lagðar til framkvæmdir á tímabilinu.

II. Bárðardalsvegur: Meiri hlutinn lagði til að 250 millj. kr. verði settar í Bárðardalsveg nr. 842 árið 2016. Ekki eru lagðar til framkvæmdir á tímabilinu

III. Reykjanesbraut: Meiri hlutinn lagði til að vinna við gerð mislægra gatnamóta við mót Reykjanesbrautar og Krýsuvíkurléiðar hefjist árið 2017 í stað ársins 2018. Farið er að tillögunni.

IV. Skálafellsvegur: Meiri hlutinn lagði til að 25 millj. kr. verði varið í bundið slitlag á Skálafellsveg árið 2018. Ekki eru lagðar til framkvæmdir á tímabilinu.

V. Skagastrandarvegur: Meiri hlutinn lagði til að 20 millj. kr. til hönnunar endurbóta á Skagastrandarvegi árið 2016. Lagt er til að 50 millj. kr. verði varið til verksins 2018.

VI. Borgarfjarðarvegur: Meiri hlutinn lagði til að 25 millj. kr. verði settar í Borgarfjarðarveg um Njarðvíkurskriður árið 2016 og 250 millj. kr. sem fyrirhugaðar voru árið 2018 verði flýtt til ársins 2017. Ekki er unnt að færa framkvæmdir fram og munu áfram koma 250 m.kr til framkvæmda á árið 2018 en gert er ráð fyrir að halda áfram ljúka framkvæmdum á 2. tímabili.

VII. Hörgárdalsvegur: Meiri hlutinn lagði til að 50 millj. kr. verði settar í Hörgárdalsveg árið 2018. Ekki eru lagðar til framkvæmdir á tímabilinu.

VIII. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar: Meiri hlutinn lagði til breytingar til samræmis við ákvörðun ríkisstjórnarinnar 26. maí sl. um samtals 1.800 millj. kr. framlag til vegamála árið 2015, þar af 1.300 millj. kr. til framkvæmda við Kaldadalsveg, Uxahryggjaveg, Kjósarskarðsveg og Dettifossvog og 500 millj. kr. framlag til almenns viðhalds. Tillagan kom til framkvæmdar.

IX. Seyðisfjarðargöng. Meiri hlutinn lagði til að rannsóknnum á Seyðisfjarðargöngum yrði flýtt þannig að í stað þess að 70 millj. kr. verði varið árlega til þeirra árin 2016–2017 verði framlagið 140 millj. kr. árið 2016 en eftir sem áður 70 millj. kr. árið 2017. Líkt og nefndin lagði til er fárveiting til rannsókna á mögulegum jarðgangnastæðum flutt fram um ár og verður 150 m.kr. á þessu ári í stað 70 m.kr. Viðbótarfé kemur úr almennum rekstri.

Tillögur meirihluta vegna hafnaframkvæmda

I. Grynnslin utan Hornafjarðar: Meiri hlutinn lagði til 35 millj. kr. framlag til dýpkunar á Grynnslinum utan Hornafjarðar árið 2015. Á fjáráukalögum fyrir árið 2015 var veitt 30 millj. kr. til verksins undir fjárlaganúmerinu 06-662 6.75. Láðst hefur að bæta þessum fjárlagalið inn í töflu 1.1.2, skipting útgjalda, en samtala 06-662 er engu að síður rétt.

II. Breiðdalsvík: Meiri hlutinn lagði til að 18 millj. kr. yrðu settar í flotbryggju á Breiðdalsvík árið 2016, þ.e. að 4,2 millj. kr. framlagi yrði flýtt um ár og hækki jafnframt um 13,8 millj. kr. Framlagið er óbreytt (18 millj. kr. framkvæmd 2010 var óstyrkhæf skv. þágildandi lögum).

III. Grindavíkurhöfn: Meiri hlutinn lagði til að 180 millj. kr. yrði veitt til framkvæmda við viðlegukant í höfninni í Grindavík árið 2016. Framkvæmdum við höfnina er flýtt og gert ráð fyrir 103 m.kr. á þessu ári til viðbótar áður ráðgerðum framlögum á árunum 2017 og 2018.

IV. Stykkishólmur: Meiri hlutinn lagði til að 20 millj. kr. hækkun yrði á framlagi til dýpkunar í Stykkishólmshöfn árið 2017. Framlag er óbreytt, 8,4 millj. kr.

V. Þorlákshöfn: Meiri hlutinn lagði til að 100 millj. kr. yrði varið í endurbætur á höfninni í Þorlákshöfn árið 2018 og 12 millj. kr. sem fyrir voru á því ári verði færðar til ársins 2017. Núverandi tillaga gerir ráð fyrir að framlagið á þessu ári hækki frá fyrri tillögu úr 64,4 millj. kr. í 105,4 millj. kr., framlög 2017 og 2018 haldist óbreytt.

VI. Dalvík: Meiri hlutinn lagði til að 20 millj. kr. yrði veitt til framkvæmda í höfninni á Dalvík árið 2016. Ekki eru lagðar til framkvæmdir á tímabilinu.

Tillögur meirihluta vegna flugs

ATH. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2016 lækka framlög til viðhalds og stofnframkvæmda fyrir árið 2016 frá tillögu meirihlutans úr 879 millj. kr. í 300 millj. kr.

I. Akureyrarflugvöllur: Meiri hlutinn lagði til að til flughlaðs á Akureyrarflugvelli yrði veitt 100 millj. kr. árið 2016, 25 millj. kr. árið 2017 og 100 millj. kr. árið 2018. Veitt var 50 millj. kr. til framkvæmdarinnar árið 2015. Þeir fjármunir nýttust þó ekki á árinu en framkvæmdum fyrir þá upphæð er fram haldið árið 2016. Ekki er gert ráð fyrir frekari famlögum í áætluninni.

II. Egilsstaðir. Meiri hlutinn lagði til að 50 millj. kr. yrði veitt til yfirborðsviðhalds brauta og hlaða á Egilsstaðaflugvelli árið 2016 í stað 22 millj. kr. Til yfirborðsviðhalds flugbrauta og flughlaða á Egilsstöðum eru ekki settir neinir fjármunir árið 2016 í stað 22 millj. kr. á fyrri áætlun, 203 millj. kr. í stað 59 millj. kr. árið 2017 og 59 millj. kr. í stað 407 millj. kr. árið 2018.

III. Borgarfjörður eystri. Meiri hlutinn lagði til að hætt yrði við 25 millj. kr. framlag til Borgarfjarðarflugvallar. Það er gert og stefnt er að lokun vallarins.

IV. Norðfjarðarflugvöllur: Meiri hlutinn lagði til að 75 millj. kr. yrði veitt til að leggja bundið slitlag á Norðfjarðarflugvöll árið 2016. Í áætluninni er 80 m.kr ráðstafað árið 2016 til framkvæmda við völinn á móti framlagi heimamanna.

V. Húsavíkurflygvöllur: Meiri hlutinn lagði til að 50 millj. kr. yrði veitt til viðhalds aðflugsbúnaðar á árinu 2016. Á árinu 2016 er 100 m.kr. framlag til þess í stað 2. m.kr. á fyrri áætlun.